

Minjastofnun
ÍslandsThe Cultural
Heritage Agency
of IcelandKópavogsbær
bt. skipulagsfulltrúiFannborg 2
200 KópavogurMinjavörður Reykjavíkur og
nágrennisSuðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 1. desember 2021
MÍ202111-0111/ 6.09 / 0875**Efni: Smárahvammsvegur – Deiliskipulag tillaga**

Með tölvubréfi dagsett 16. nóvember 2021 óskaði skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi Smárahvammsvegur. Skipulags- og skýringaruppdráttur voru unnir af VSÓ Ráðgjöf, dagsettir 15.10.2021 og sóttir á heimasíðu Kópavogsbæjar:

<https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu/smarahvammsvegur-tillaga-ad-deiliskipulagi>

Um er að ræða breytingu á gatnagerð með fækkun akreina og umferðaljosastýrð gatnamót. Einnig er áætlað að gera göngu- og hjólastíga ásamt grænum svæðum við götur.

Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir:

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Engin hús eru á svæðinu sem falla undir lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Fyrir liggur *Fornleifaskráning Kópavogs endurskoðuð*, unnin af Bjarna F. Einarssyni hjá Fornleifafræðistofunni dagsett í júní 2019. Sú skráning gefur greinargóða mynd af fornleifum og dreifingu þeirra í Kópavogi. Samkvæmt þeirri skráningu eru engar skráðar fornleifar innan afmarkaðs skipulagssvæðis.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslustulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi Smárahvammisvegar. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllt,


Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Afrit sent:

Skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar (skipulag@kopavogur.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)